

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um áætlaðan kostnað við byggingarframkvæmdir
Landspítalans við Hringbraut.

Frá Ólafi Ísleifssyni.

1. Hver er áætlaður kostnaður við fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir við sjúkrahús við Hringbraut?
2. Til hvaða framkvæmda og framkvæmdatíma tekur sú kostnaðaráætlun?
3. Hvert er umfang framkvæmda og fermetrafjöldi einstakra bygginga sem kostnaðaráætlun tekur til?
4. Hver gerði umrædda kostnaðaráætlun og hvenær var hún gerð?
5. Hefur Ríkisendurskoðun farið yfir umrædda kostnaðaráætlun og hafi svo verið, hverjar voru athugasemdir hennar?
6. Telur ráðherra að fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun sé raunhæf í ljósi þróunar byggingar-kostnaðar á undanförunum mánuðum og misserum? Hvernig rökstyður ráðherra álit sitt í þessu efni?

Skriflegt svar óskast.